

1871.

23. febrúar.

**12. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um vatnsveitingar og engjarækt í Suðurumdæminu.**

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, með bræfi 17. oktbr. f. á. hafið skýrt frá framkvæmdum vatnsveitingamanns Nielsar Jörgensens í suðuramtinu í fyrra, hafið þér getið þess, að tæður vatnsveitingamaður hafi til þessa aðeins fengið við vatnsveitingar í Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, og Borgarfjarðarsýslu, og að Rangvellingar hafi æskt þess, að fá aðstoð hans til slíkra framkvæmda, er þér álitíð mikils varðandi fyrir framfarir landsins. Samkvæmt ósk húss- og bústjórnarfélags suðuramtsins hafið þér þess vegna farið þess á leit, að tæðu félagi verði veittur aptur á þessu ári 200 eða 250 rd. styrkur til þess að geta fengið vatnsveitingamann Niels Jörgensen til að koma aptur að sumri, en hann hefir látið það í ljósi, að hann væri fús til þess með sömu kjörum og áður.

Eptir að stjórnarráðið hafði skrifazt á við hið konunglega landbústjórnarfélag um þetta, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér gjöríð þær ráðstafanir, sem með þarf, að félagið er fúst til að leggja til þessa allt að 125 rd., en stjórnarráðið leyfir fyrir sitt leyti, að borgað verði jafnmikið til þessa fyrirtækis af því fè, sem veitt er með fjárhagslögum þessa fjárhagsárs, 20. gr. VI. C. Um ráðstafanir þær, sem gjörðar verða, býst stjórnarráðið við að fá skýrslu frá yður.

25. febrúar.

**13. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Kapítainlieutenant Hammers og fl., um breytingu á ferða-áætlun póstgufuskipsins fyrir árið 1871.**

Um leið og þér, herra Kapítainlieutenant, fyrir hönd hins danska fiskifélags, ásamt kaupmönnum Örum og Wulff fyrir hönd 5 annara kaupmanna, og alþingismanns Jóns Sigurðssonar,

1) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 825.